



Fundargerð

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 23.apríl 2024 kl.16:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi. Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ágústu var fjarverandi.

Á dagskrá var að undirbúa 35 þing Umdæmisráðs Innerwheel á Íslandi, 25.maí 2024

- Dagskrá er tilbúin og hefst kl.12:00 með þingsetningu. Eftir það verður stutt og hefðbundin dagskrá áður en sagt verður frá ferð IW félaga á Alþjóðþing IW í Manchester 7.-11. maí, áður en við fáum hádegisverð.
- Hefðbundin þingstörf hefjast svo um kl.13:30 með því að fundargerð síðasta þings verður lesin, svo mun umdæmisstjórn flytja skýrslu stjórnar og gjaldkeri leggja fram ársreikning. Að því loknu verður ný umdæmisstjórn kjörin auk skoðunarmanna fyrir næsta starfsár. Eftir það verða önnur mál og almennar umræður áður en þingslit fara fram um kl.15:20
- Eftir að formlegri þingdagskrá er lokið er helgistund með sr. Gunnari Jóhannessyni í Selfosskirkju þar sem m.a. látinna félaga verður minnst. Eftir helgistund í kirkjunni verður farið í skoðunarferð um nýja miðbæinn á Selfossi undir leiðsögn Valdimars Bragasonar.
- Þingi og samveru IW félaga lýkur svo með kveðjustund og kaffiveitingum í Hótel Selfossi.
- Ritari mun senda forsetum póst og minna á eftirfarandi:
 - *senda þarf lista yfir þátttakendur á þingið fyrir 1.maí
 - * senda stutta ársskýrslu klúbbanna sem fyrst
 - * greiða þáttökugjald þingfulltrúa fyrir 11.maí
 - * senda upplýsingar um látna félaga fyrir 15.maí

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.18:15

Jóhanna Róbertsdóttir